

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 79/2017 um loðnuveiðar íslenskra skipa á haust- og vetrarvertíð 2016 til 2017.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Aðeins skipum sem hafa aflamark í loðnu er heimilt að stunda loðnuveiðar. Veiðar umfram aflamark í loðnu varða gjaldtöku samkvæmt ákvæðum laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólöglegs sjávaraflla.

Leyfilegur hámarksafli íslenskra loðnuveiðiskipa á loðnuvertíðinni er sem hér segir:

A	B	C
Lestir	Lestir	Lestir
196.075	10.392	185.683

Skýringar á töflu:

- A. Leyfilegur heildarafli.
- B. Skerðing skv. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 116/2006 (5,3%).
- C. Fiskistofa úthlutar til skipa á grundvelli aflahlutdeildar.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða og laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 14. febrúar 2017.

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

Jóhann Guðmundsson.

Baldur P. Erlingsson.